



Fréttatilkynning
16 May 2024 10:36:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir niðurstöðu endurkaupatilboðs bankans á skuldabréfaútgáfum í sænskum og norskum krónum

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn) 13. maí 2024 um endurkaupatilboð til eigenda ákveðinna útstandandi skuldabréfa í sænskum og norskum krónum á gjalddaga í mars 2025, sem eru listuð hér að neðan (hér eftir skuldabréfin), gegn eingreiðslu (hér eftir endurkaupatilboðið). Endurkaupatilboðið var háð þeim skilmálum sem koma fram í tilkynningu um endurkaupatilboð (e. Tender Information Document) sem er dagsett 13. maí 2024.

Niðurstöður

Frestur til að taka þátt í endurkaupatilboðinu rann út kl. 12:00 CET þann 16. maí 2024. Bankinn mun kaupa tilbaka öll skuldabréf sem eru löglega boðin út samkvæmt endurkaupatilboðinu. Verð og niðurstöður endurkaupatilboðsins koma fram í töflunni hér að neðan:

Lýsing skuldabréfanna / ISIN / Verð / Samþykkt tilboð

SEK 450,000,000 FRN due March 2025 / XS2325591365 / 100.550% / SEK 388,000,000

NOK 750,000,000 FRN due March 2025 / XS2325336092 / 100.550% / NOK 485,000,000

Íslandsbanki mun einnig greiða upphæð sem jafngildir áföllnum og ógreiddum vöxtum af skuldabréfunum á uppgjörssdegi (eins og hann er skilgreindur hér að neðan) í samræmi við skilmála skuldabréfanna.

Uppgjör

Gert er ráð fyrir að uppgjör endurkaupatilboðsins fari fram þann 22. maí 2024 (uppgjörssdagur).

Umsjónaraðili endurkaupatilboðsins

Danske Bank A/S

Telephone: +45 33 64 88 51

Email: liabilitymanagement@danskebank.dk

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

MAR legend - Tender offer

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem innihalda upplýsingar tengdar endurkaupatilboðinu sem lýst er hér að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssýni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.



Fréttatilkynning
16 May 2024 10:36:00 GMT

Viðhengi

Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir niðurstöðu endurkaupatilboðs bankans á skuldabréfaútgáfum í sænskum og norskum krónum